

Nd.

492. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 76 29. des. 1934, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

Flutningsmenn: Ólafur Thors, Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna komi:

Ákvæði um stundarsakir:

Meðan félag fiskframleiðenda starfar samkvæmt 2. málsg. 4. gr., skal fela stjórn þess öll störf fiskimálanefndar samkvæmt lögum þessum, önnur en

þau, er í 6. gr. greinir, en þau annast atvinnumálaráðherra, enda leggst þá fiskimálanefnd niður á meðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gera þá breytingu á lögum um fiskimálanefnd o. fl., að á meðan Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda starfar á grundvelli þeirra laga, verði því falið það vald og þær skyldur, sem greind löggjöf ætlar fiskimálanefnd.

Þó hefir þótt rétt að fela atvinnumálaráðherra hlutverk fiskimálanefndar samkv. 6. gr. laganna, en sú gr. fjallar um skyldur fiskútflytjenda til að gefa upplýsingar um starfsemi sína.

Frumvarp þetta er að visu flutt meðfram vegna þess, að tryggara þykir, að næg þekking á viðfangsefninu sé fyrir hendi hjá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda heldur en hjá fiskimálanefnd, en á hitt er þó lögð áhersla, að með því er af útvegsmönnum létt mörgum þúsundatugum óþarfs tilkostnaðar, og er þess vænt, að allir geti orðið á eitt sáttir um þá hlið málsins og því sameinast um að tryggja frumvarpinu framgang.

Rétt þykir að láta þessa skýringu fylgja:

Á haustþinginu 1934 urðu allharðar deilur um skipun fiskimálanna. Vildu sjálfstæðismenn, að löggjafinn léti afskiptalaus hin frjálsu samtök útvegsmanna um samsölu á saltfiskinum, þar eð reynslan hafði þegar staðfest allar vonir um ágætan árangur þeirrar starfsemi.

Hinsvegar bentu sjálfstæðismenn á, að vaxandi gengi haftastefnunnar og þar af leiðandi þverrandi markaður fyrir saltfiskframleiðslu landsmanna hefði skapað nýja og vaxandi nauðsyn nýrra úrræða um meðferð og sölu sjávarafurða. Vildu þeir, að þjóðinni yrði skipuð örugg forusta í baráttunni við hina nýju örðugleika, og báru í því skyni fram frumvarpið um fiskiráð.

Stjórnarliðar tóku upp þá hugmynd og lögfestu hana í löggjöfinni um fiskimálanefnd o. fl., en íklæddu hana formi, sem frá öndverðu hlaut að vekja ótta um, að draga mundi úr þeim árangri, er ætlað var að ná með frumvarpinu um fiskiráð.

Hér skal nú sneitt hjá að ræða dóm reynslunnar um starfsemi fiskimálanefndar, og eigi skulu heldur gerðar almennar athugasemdir um löggjöfina, er um fiskimálin fjallar, en aðeins á það bent, að síðan á síðasta haustþingi hefir Haraldur Guðmundsson ráðherra tvívegis breytt þeirri löggjöf með bráðabirgðalögum, og þar hin síðari lagabreyting — sú, er nú liggur fyrir Alþingi til samþykkis, — þann ávöxt, að Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda heldur áfram fyrri starfsemi sinni.

Sú breyting hefir þó á orðið, að í stað þriggja framkvæmdastjóra og tveggja meðstjórnenda er nú forustan lögð í hendur hinum sömu þrem framkvæmdastjórum, auk sjö manna stjórnar, svo að yfirstjórn saltfisksölunnar er nú

skipuð tíu mönnum, og enda þótt allmikill vandi sé að halda vel á þeim málum, og vel megi viðurkenna, að meira máli skipti, að hyggilega sé hagað sölunni heldur en hitt, hvort kostnaðurinn verði nokkrum þúsundum eða jafnvel þúsundatugum meiri eða minni, þá er þó bæði þess að gæta, að sjálfsagt er að létta þeim gjöldum af útvegsmönnum, sem eigi verða talin nauðsynleg, sem og hins, að þeir tíu menn, er hafa yfirstjórn saltfisksölunnar, geti vafalaust bætt á sig hlutverki fiskimálanefndar, a. m. k. meðan það margfaldast ekki frá því, sem til þessa hefir verið.

Ekki er fyllilega kunnugt um kostnaðinn af starfsemi fiskimálanefndar, og því eigi með vissu hægt að fullyrða, hversu mikið sparast við sameininguna, en þó er vitað um þann tilkostnað, er nú skal greina, og allan má spara, ef frumvarp þetta nær fram að ganga:

Laun formanns	5400 kr.
— 6 nefndarmanna, kr. 3000 hver	18000 —
— skrifstofustjóra	7200 —
— skrifstofustúlku	2400 —
Húsaleiga	1860 —

Alls: 34860 kr.

Auk þessara nær 35 þús. króna, er allar myndu sparast, er rétt að geta þess, að þrjá aðra starfsmenn hefir fiskimálanefnd haft á launum og goldið þeim samtals 21600 kr. á ári, og má telja sennilegt, að þær greiðslur geti að talsverðu leyti fallið niður.

Margvislegur annar kostnaður hefir fylgt störfum fiskimálanefndar, en þar eð það liggur utan við tilgang þessa frumvarps að gagnrýna störf nefndarinnar, verður eigi að því vikið, hvort eða að hve miklu leyti þau gjöld muni sparast við sameiningu þá, sem frumvarpið fer fram á.

Í þessu máli er tvennt, sem á að nægja til þess að tryggja framgang þess:

1. Útvegsmenn, og raunar allir aðrir, er eitthvað þekkja til, vita, að hinir 10 forráðamenn Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda hafa bæði þekkingu og aðstöðu til að taka við hlutverki fiskimálanefndar.
2. Útvegsmönnum þykir ærið nóg að standast kostnað við 10 manna yfirstjórn þessara mála, og vilja, að af sé létt þeim kostnaðarauka, sem leiðir af núverandi tvískiptingu og 17 manna yfirstjórn.